



Skýrsluútgáfa. Tilvitnanir og heimildaskrá

Páll Ingólfsson

Greinargerð PI-1979

Í öllum skýrslum Orkustofnunar, þar sem það á við, skal vera heimildaskrá eða ritaskrá. Þeirri almennu reglu skal fylgt að vitna í höfund og ártal í sviga í textanum og hafa síðan tæmandi tilvitnun í heimildaskrá á eftir texta viðkomandi skýrslu.

TILVITNANIR Í TEXTA

1. Ef tilvitnun á við aðeins eina setningu í texta er heimildar venjulega getið í lok þeirrar setningar. Falli nafn höfundar eðlilega inn í setningu er aðeins getið um ártal í sviga, t.d. "Guðmundur G. Bárðarson (1918) rannsakaði ítarlega surtarbrand...". Komi nafn höfundar tilvitnaðrar greinar eða rits ekki beinlínis fyrir í texta kemur það ásamt ártali innan sviga þar sem við á, t.d. "Loftslag á hlýskeiðum virðist yfirleitt hafa verið svipað og nú (Þorleifur Einarsson 1968)". Ekki skal höfð komma milli höfundar og ártals. Ef tilvitnun á við fleiri en eina undanfarandi setningu má gera henni skil í sérstakri setningu, t.d. (Sjá Sigurður Jónsson o.fl. 1979).

Í skýrslum á erlendu máli er nægilegt að gefa upp eftirnafn íslenskra höfunda nema vitnað sé í fleiri en einn höfund með sama eftirnafni, þá er einnig hafðir upphafsstafir fornafna, t.d. Á. Björnsson, S. Björnsson.

2. Æskilegt getur verið að gefa til kynna viðkomandi blaðsíðutal/töl (myndar eða töflunr.) í tilvitnuðu riti, einkum ef um er að ræða bækur og löng rit, t.d. "(Þorleifur Einarsson 1964, s. 133)".
3. Í höfundaupptalningu skal nota táknið & en ekki samtenginguna og, og blaðsíður skulu táknaðar með s. en ekki bls.
4. Margar tilvitnanir í sama höfund eru aðgreindar með kommu á milli ártala og tilvitnanir í fleiri en eina heimild sama höfundar á einu og sama ári greindar að með því að bæta α, b, c, \dots á eftir ártalinu í tímaröð útgáfu, t.d. "Jóhannes Áskelsson (1946a, 1946b, 1956, 1957)"

5. Tilvitnun (innan sviga) í marga höfunda kemur í tíma-stafrófsröð, sú elsta fyrst og eru einstakar heimildir aðgreindar með semikommu, t.d. (Sigurður Jónsson 1972; Valdimar Jónsson 1972; Jón Jónsson 1975).
6. Ef höfundar eru tveir skal rita nöfn þeirra beggja, t.d. "(Jón Eypórsson & Hlynur Sigtryggsson 1971)". Séu höfundar þrír eða fleiri og aðeins er vitnað í eina heimild skal rita nafn fyrsta höfundar og "o.fl." bætt við, dæmi: "(Leifur Símonarson o.fl. 1975)".
7. Munnlegra upplýsinga (personal communication) skal getið í texta en ekki í heimildaskrá, og ártalið þegar upplýsingarnar fengust skal einnig koma fram, t.d. (Jón Sigurðsson, munnl. upplýs., 1975).
8. Ritum í prentun skulu gerð tæmandi skil í heimildaskrá (sbr. grein 20), en ekki í texta. Það sama gildir um heimildir, sem eru í handriti, t.d. "(Jón Sólmundsson, Laugabók 1961)".
9. Óbirtum heimildum skulu gerð tæmandi skil í texta (sbr. ¹⁷14). Taka ber fram nafn þess, sem upplýsinganna var aflað hjá og/eða staðarins þar sem viðkomandi heimildargögn eru geymd svo og ártalsins þegar þeirra var aflað. Leita verður samþykkis höfundar hvernar heimildar, áður en tilvitnun er birt.
10. Ekki skal nota latneskar tilvísanir eins og t.d. op. cit., loc. cit., ibid. í texta. Í íslenskum texta skal nota skammstöfunina o.fl. en ekki latnesku skammstöfunin et al.
11. Þegar vitnað er í höfundalausar heimildir kemur nafn viðkomandi útgefanda eða útgáfustofnunar inn á sama hátt og mannanöfn, t.d. (Orkustofnun 1973), *sá vitstjórn, ef minn skilf er að nota*
12. Heiti bókar, greinar eða skýrslu (o.s.frv.), sem vitnað er til í texta, skal hafa innan gæsalappa.

Ef notaðar eru langar beinar tilvitnanir er æskilegt að draga inn viðkomandi línur til aðgreiningar frá öðrum texta.

HEIMILDASKRÁ - RITASKRÁ

13. Heimildaskrá á að vera tæmandi upptalning á öllum tilvitnunum í texta viðkomandi skýrslu. Ritaskrá er fyllri, þ.e. þar má telja upp ýmsar heimildir, sem ekki er vitnað til í texta og í sumum tilfellum er hún tæmandi upptalning á öllum tiltækum heimildum um viðkomandi efni. Rétt er að gera grein fyrir því í hverju tilfalli hvers eðlis ritaskrá er. Sé aðeins um að ræða 1 eða 2 tilvitnanir skulu þeim gerð tæmandi skil í textanum sjálfum en ekki höfð sérstök heimildaskrá.

Ætíð skal getið allra höfunda heimildar í heimildaskrá og aðeins útgefin rit skulu talin upp, að undanskyldum BS.- og doktorsritgerðum og sambærilegum verkum, *ritum á þessum sviði og ynnis þessum*
handvritum (s.d., s.)

14. Heimildaskrá skal ætíð sett upp í stafrófs-tímaröð. Ef um er að ræða margar greinar/rit eftir sama höfund, bæði einan sér og með öðrum, skal tímaröð ráða þeim greinum, sem hann er einn höfundur að. Varðandi tilvitnanir í fleiri en eina heimild sama höfundar á einu og sama ári sjá grein 4 hér að framan. Síðar koma þær greinar sem hann er við annan höfund og ræður þá stafrófsröð seinni höfunda, en ekki tímaröð. Næst koma rit, sem hann hefur tvo meðhöfunda að og gildir stafrófsröð einnig þar. Hið sama á við um fleiri höfunda.

15. Mikilvægt er, að við skráningu heimildar sé farið eftir upplýsingum heimildarinnar sjálfrar um t.d. nafn höfundar, titil greinar, ártal og blaðsíðutal. Ártal skal miða við útgáfuár (prentunarár), en ekki árgangsnúmer (-ár).

Nöfn íslenzkra höfunda efnis á íslenzku skal skrifa á venjulegan hátt, þ.e. fornafn fyrst. Sé Íslendingur höfundur efnis á erlendu máli, og föðurnafn hans er ritað á undan í heimildinni skal skrá slíka heimild á tveim stöðum í heimildaskrá. Aðalskráning skal vera sú erlenda, en að auki skal skrá höfund undir sínu fornafni, sé það þekkt, og skal í þeirri skráningu vísað til aðalskráningarinnar.

Dæmi: Arnórsson, S. 1978: Major element
chemistry of the geothermal sea-water
at Reykjanes and Svartsengi, Iceland.
Mineral. Mag., 42, 209-220.

Stefán Arnórsson 1978; sjá Arnórsson, S. 1978.

Þetta gildir bæði um skýrslur á íslensku og erlendu máli.

16. Röð einstakra atriða í heimildaskrá skal í meginatriðum vera eins og hér greinir:

1. Höfundur/ar, ^{ritstjórnir/ar} útgefandi/ur eða útgáfustofnun/anir, eftir því sem við á. ^L
2. Útgáfuár, með tvípunkti á eftir. Ef útgáfuár er ekki vitað með vissu er ártalið haft í sviga.
3. Titill rits þess, sem vitnað er í skv. titilsíðu, heiti greinar eða hvernar þeirrar heimildar sem vísað er til, með punkti á eftir. Sé um að ræða fleiri en eina útgáfu af sama riti skal getið um hina tilvitnuðu útgáfu (frumútgáfu eða elstu útgáfu óbreytts texta ef kostur er).
4. a. Þegar um bækur er að ræða skal atriðaröð aftan við höfund/a og ártal vera ~~(1) heiti bókar (og útgáfu- eða heftisnúmer ef um slíkt er að ræða)~~. ^{Titill vera:} (1) útgáfustaður, (2) nafn útgefanda, og (3) blaðsíðufjöldi.
b. Þegar um er að ræða ritraðir eða greinar í tímaritum verður röðin (1) nafn tímarits eða raðar, (2) útgáfustaður, ef ástæða þykir til og nafn útgefanda, sé um ritröð að ræða, (3) árgangsnúmer eða númer á ritröð, eftir því sem við á, ^{árgang og númer á ritröð} með ~~arabískum tölum~~. ^{með} Aftan við árgang kemur númer tölublaðs í sviga ef ekki er eitt blaðsíðutal fyrir allan árganginn (t.d. vikurit og sum tímarit), og (4) blaðsíðutal tilvitnunarinnar.
c. Ef um er að ræða kort er líklegt að upplýsingar um mælikvarða þess geti komið að gagni, auk annarra upplýsinga. (Séu þær fengnar annars staðar en á sjálfu kortinu skulu þær hafðar í sviga).

Ef um er að ræða heimild, sem enginn er skráður höfundur að, skal sú stofnun eða aðili, sem staðið hefur að útgáfunni, skráður höfundur, sbr. lið 1 að ofan.

Þegar um ritraðir (4.b(2)) er að ræða, t.d. Acta Naturalia Islandica og Rit Vísindafélagsins, má sleppa að gefa upp útgáfustað.

Einstök atriði skv. lið 4 skal aðgreina með kommu.

Ef ekkert raðnúmer eða árgangsnúmer er gefið á ritaröð (4.b(3)) er ártalið haft í staðinn.

Í ritröðum og tilvitnunum í hluta bókar skal tilgreina það blaðsíðutal, sem tilvitnuð grein spannar. Í tilvitnunum í bækur (og rit, sem ekki tilheyra ritaröðum) er gefið upp heildarblaðsíðutal (4.b(4)) í samræmi við blaðsíðusetningu í heimild.

17. Þegar vísað er til greinar í bók eða hluta bókar, sem margir höfundar eru að, kemur fyrst höfundarnafn, ártal og heiti tilvitnaðarar greinar og síðan í með tvípunkti á eftir. Þar á eftir kemur nafn ritstjóra eða útgefanda, titill ritverks o.s.frv.
18. Heiti tímarita skal annað hvort skrifa að fullu eða skammstafa í samræmi við alþjóðastaðla um slíkar skammstafanir (sbr. skrá að neðan). Sé nafn tímarits aðeins eitt orð skal það ekki skammstafað, og ef ekki er vitað hvernig skammstafa skuli nafn einhvers tímarits, skal það skrifað að fullu. Samræmi skal vera milli heimilda í sömu heimildaskrá.
19. Ef riti eða grein fylgir ágríp á öðru tungumáli skal þeim upplýsingum bætt við í sviga aftast í tilvitnun, eftir því sem við á hverju sinni.
20. Ef tilvitnað rit er í prentun (sbr. grein 8) skal það tekið fram aftast í tilvitnun (í sviga). Heimilda í handriti skulu gerð nánari skil í heimildaskrá umfram það sem fram kemur í texta, þ.e. þar kemur nánari lýsing á viðkomandi handriti eða vinnuþlaggi og hvaða aðili varðveitir það. Dæmi: "Jón Sólmundsson 1961: Laugabók. Ferðir um Árnes- og Rangárvallasýslu. Handrit í vörslu Jarðhitadeildar Orkustofnunar."
21. Sé talin þörf á að bæta frekari atriðum í heimildaskrá til skýringar við venjulegustu heimildaskráratriði, svo sem nöfn þýðenda eða teiknara, eða þýðingu á framheiti greinar, tímarits eða bókar, skal það gert í samræmi við þá alþjóðlegu staðla, sem hér verða taldir upp:

ISO 4-1972:	Documentation - International code for the abbreviation and titles of periodicals.
ISO 690-1975:	Documentation - Bibliographical references - Essential and supplementary elements.
ISO 832-1975:	Documentation - Bibliographical references - Abbreviations of typical words.
ISO 833-1974:	Documentation - International list of periodical title word abbreviations.

22. Heimildir geta verið af ýmsu tagi. Hér verða sýnd dæmi um algengustu form heimilda, svo sem:

- (1) Bók/Bók í ritröð.
- (2) Grein í bók
- (3) Grein í tímariti
- (4) Stofnunarskýrsla
- (5) Höfundalaus stofnunarskýrsla
- (6) Tölfræðirit
- (7) Almenn landakort
- (8) Sérkort
- (9) Loftljósmyndir
- (10) Prófritgerð
- (11) Handrit
- (12) Ráðstefnu- og fundaútgáfur

Í heimildaskránni hér á eftir verða númer á undan hverri heimild og vísa þau til listans hér að ofan.

SKÝRSLUR SKRIFAÐAR Á ÍSLENSKU

- (1) Þorleifur Einarsson 1978: *Jarðfræði*. 3. útgáfa, Reykjavík, Mál og menning, 240 s.
- (1) Wager, L.R. & Brown, G.M. 1968: *Layered Igneous Rocks*. Edinburgh, Oliver & Boyd, 588 s.
- (1) Björnsson, S. (ritstj.) 1967: *Iceland and Mid-Ocean Ridges*. Vísindafélag Íslendinga, Rit 38, 209 s.
- (1) Sveinbjörn Björnsson (ritstj.) 1967; sjá Björnsson, S. (ritstj.) 1967.
- (1) Harvey, D. 1969: *Explanation in Geography*. London, Edward Arnold Ltd., 521 s.
- (2) Björnsson, S. & Einarsson, P. 1974: Seismicity of Iceland. í: Kristjánsson, L. (ritstj.), *Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area*. Dordrecht, D. Reidel Publ. Co., 225-239.
- (2) Sveinbjörn Björnsson & Páll Einarsson 1974; sjá Björnsson, S. & Einarsson, P. 1974.
- (2) Kjartansson, G. 1967: Volcanic forms at the sea bottom. í: Björnsson, S. (ritstj.), *Iceland and Mid-Ocean Ridges*. Vísindafélag Íslendinga, Rit 38, 53-64.
- (2) Guðmundur Kjartansson 1967; sjá Kjartansson, G. 1967.
- (3) Steinthórsson, S. 1978: Tephra layers in a drill core from the Vatnajökull ice cap. *Jökull*, 27, 2-27.
- (3) Sigurður Steinþórsson 1978; sjá Steinthórsson, S. 1978.

- (3) Thórarinsson, S., Steinhórsson, S., Einarsson, Th., Kristmannsdóttir, H., Óskarsson, N. 1973: The eruption on Heimaey, Iceland. *Nature*, 241, 372-375.
- (3) Sigurður Þórarinsson, Sigurður Steinþórsson, Þorleifur Einarsson, Hrefna Kristmannsdóttir & Niels Óskarsson 1973; sjá Thórarinsson, S., Steinhórsson, S., Einarsson, Th., Kristmannsdóttir, H. & Óskarsson, N. 1973.
- (3) Hare, F.K. & Ritchie, J.C. 1972: The boreal bioclimates. *Geogr. Rev.*, 62, 333-365.
- (3) Walker, G.P.L. 1959: Geology of the Reydarfjörður area, eastern Iceland. *Q. J. Geol. Soc.*, 114, 367-391.
- (4) Lúðvík S. Georgsson, Haukur Jóhannesson, Guðmundur Ingi Haraldsson & Einar Gunnlaugsson 1978: *Jarðhitakönnun í utanverðum Reykholtisdal, Deildartunga-Kleppjárnsreykir-Klettur-Runnar*. Orkustofnun, OS-JHD-7856, 89 s.
- (4) Elsa G. Vilmundardóttir & Haukur Tómasson 1967: *Stórisjór. Jarðfræði stíflustæða á Tungnað við Snjóöldufjallgarð*. Orkustofnun, 37 s. (14 m., 2 v.), (English summary).
- (4) Björn Jónasson, Sveinn Þorgrímsson, Halína Guðmundsson & Freyr Þórarinsson 1979: *Bláarhálsvirkjun. Jarðfræðirannsóknir 1978*. Orkustofnun, OS79008/ROD05, 115 s.
- (4) Hörður Kristinsson & Helgi Hallgrímsson 1978: *Náttkruverndarkönnun á virkjunarsvæði Blöndu*. Orkustofnun, OS-ROD-7713, 141 s.
- (4) Jón Jónsson 1978: *Jarðfræðikort af Reykjanesskaga. I Skýringar við Jarðfræðikort, II Jarðfræðikort*. Orkustofnun, OS-JHD-7831, 303 s. (Kort í sérkassa).

- (4) Rannsóknaráð ríkisins 1944: *Jarðhiti á Íslandi, I, alkálísk jarðhitasvæði*. Reykjavík, Rannsóknaráð ríkisins, (177) s.
- (5) Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sf. 1975: *Virkjun Blöndu II. Samanburðardætlanir*. Orkustofnun, OS-ROD-7524, (54) s.
- (5) Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1975: *Gróður- og beitarþol í Skútustaðahreppi*. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 85 s.
- (5) International Organization for Standardization 1977: Documentation- International list of periodical title word abbreviations, ISO 833-1974(E). *ISO Standards Handbook 1, Information transfer*. Geneva, International Organization for Standardization, 76-113.
- (5) Þjóðhagsstofnun 1975: *Þjóðarþúskapurinn. Framvinda 1975 og yfirlit 1973-1974*. Reykjavík, rit nr. 5, 199 s.
- (6) Hagstofa Íslands 1972: *Fólksflutningar 1971. Hagtlöndi*, 57, 89 s.
- (6) Orkustofnun 1973: Tafla 1.2, Afl og orkuvinnsla eftir landshlutum 1972. *Orkundl*, 25, 28-29.
- (7) Geodætisk Institut 1934: *Aðalkort, blað 7, Norðausturland*. Reykjavík, Landmælingar Íslands.
- (8) Guðmundur Kjartansson 1969: *Jarðfræðikort af Íslandi, blað 1, Norðvesturland*. Reykjavík, Menningarsjóður.
- (8) Guðmundur Kjartansson 1977: *Jarðfræðikort af Íslandi, blað 6, Miðsuðurland*. 2. útg., Reykjavík, Landmælingar Íslands.
- (8) Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1969: *Gróðurkort af Íslandi, blað 250, Tómasarhagi*. (1:40.000). Reykjavík, Menningarsjóður.
- (8) Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1977: *Gróður- og jarðakort, blað 111NA, Bær*. (1:20.000). Reykjavík, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

- (9) Landmælingar Íslands 1971: Loftljósmynd 602 B.
- (10) Sigurdsson, H. 1970: *The petrology and chemistry of the Setberg volcanic region of the intermediate and acid rocks of Iceland.* Ph.D. ritgerð, University of Durham, England, 208 s.
- (10) Haraldur Sigurðsson 1970; Sjá Sigurdsson, H. 1970.
- (10) Guðmundur Guðjónsson 1977: *Gröðurbreytingar í Þjórsárdal 1960 til 1977.* B.S. ritgerð, Háskóli Íslands, 38 s.
- (11) Jón Sólmundarson 1961: Laugabók. Ferðir um Árnes- og Rangárvalla- sýslur. Handrit í vörslu Jarðhitadeildar Orkustofnunar.
- (11) Jarðboranir ríkisins: Borskýrslur Sullivan 3, 1964 og 1965.
- (12) Tómasson, H. 1976: The Opening of Tectonic Fractures at the Langalda Dam. *Twelfth International Congress on Large Dams, Mexico 1976.* Transactions, Vol. 1, Q.44, 75-91.
- (12) Haukur Tómasson 1976; sjá Tómasson, H. 1976.
- (12) Jens Tómasson, Ingvar Birgir Friðleifsson & Valgardur Stefánsson 1975: A Hydrological Model for the Flow of Thermal Water in SW-Iceland with a Special Reference to the Reykir and Reykjavík thermal Areas. Í: *Papers by Members of the National Energy Authority, at the Second United Nations Symposium on the Development and Use of Geothermal Resources, San Francisco, U.S.A., Maí 1975.* Orkustofnun, OS-JHD-7525-35 (7530), 15 s. 6 m.
- (12) Jens Tómasson, Ingvar Birgir Friðleifsson & Valgardur Stefánsson 1976: A Hydrological Model for the Flow of Thermal Water in Southwestern Iceland with Special Reference to the Reykir and Reykjavík Thermal Areas. *Second United Nations Symposium on the Development and Use of Geothermal Resources, San Francisco, U.S.A., Maí 1975.* Proceedings, Vol. 1, Sec. II, 643-643.

SKÝRSLUR SKRIFAÐAR Á ENSKU

- (1) Björnsson, S. (Ed.) 1967: *Iceland and Mid-Ocean Ridges*.
Reykjavík, Soc. Sci. Islandica, Rit 38, 209 pp.
- (1) Sveinbjörn Björnsson (Ed.) 1967; see Björnsson, S. (Ed.) 1967.
- (10) Guðrún Larsen, 1975: *Gjóskulagið H₄*. (The tephra layer H₄),
Unpublished B.S. thesis, University of Iceland, 70 pp.
(in Icelandic).